

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 122/2019

frá 8. maí 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1865 frá 28. nóvember 2018 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu própíkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„- **32018 R 1865:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1865 frá 28. nóvember 2018 (Stjtið. ESB L 304, 29.11.2018, bls. 6).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzm (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1917):

„13zzzzzzzzzn. **32018 R 1865:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1865 frá 28. nóvember 2018 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu própíkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (Stjtið. ESB L 304, 29.11.2018, bls. 6).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 304, 29.11.2018, bls. 6.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1865, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Claude Maerten**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.